

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um starfskjaralög, 589. mál.**

Félag atvinnurekenda vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar um ofangreint mál, dags. 19. maí sl.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með því sé lagt til að sett verði ný heildarlög um starfskjör launafólks í stað laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 auk breytinga á öðrum lagabálkum. Megintilgangur frumvarpsins sé að koma til framkvæmda þeim aðgerðum stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2019 sem falla undir málefnasvið félags- og vinnumálaráðherra og lúta að vinnumarkaði. Það sé jafnframt megintilgangur frumvarpsins að skýra leikreglur á vinnumarkaði, meðal annars í því skyni að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi.

Frumvarpið felur í sér að umtalsvert vald verður fært til Vinnumálastofnunar og telur félagið brýnt að stofnunin beiti því valdi af varfærni. Félagið hefur eftirfarandi athugasemdir.

4. mgr. 9. gr.

*Komist Vinnumálastofnun að þeirri niðurstöðu að atvinnurekandi greiði lakari laun en kjarasamningur kveður á um skal stofnunin gefa atvinnurekanda fyrirmæli um að frá og með næstu útborgun launa greiði hann ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um.*

Félagið telur rétt að við 9. gr. verði bætt ákvæði þar sem atvinnurekanda er veittur réttur til að koma athugasemdum sínum að áður en Vinnumálastofnun ályktar hvort laun séu lakari en kjarasamningur kveður á um. Það er til samræmis við andmælareglu stjórnsýslulaga.

9. mgr. 9. gr.

*Starfsmönnum Vinnumálastofnunar sem sinna eftirliti á vinnustöðum er meðal annars heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði og skal þeim veittur aðgangur að hlutaðeigandi vinnustöðum óski þeir eftir því.*

Félagið telur rétt að heimild Vinnumálastofnunar til eftirlitsheimsókna verði bundin við atvik þar sem grunur er um félagsleg undirboð og brotastarfsemi.

1. mgr. 11. gr.

*Fari atvinnurekandi ekki að fyrirmælum Vinnumálastofnunar innan þess frests sem veittur hefur verið, sbr. 4. mgr. 9. gr., sem og í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi veitir stofnuninni ekki upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 10. gr. innan þess frests sem veittur hefur verið eða þær upplýsingar sem hann hefur veitt stofnuninni hafa verið rangar eða ófullnægjandi getur Vinnumálastofnun tekið ákvörðun um að hlutaðeigandi atvinnurekandi greiði dagsektir þar til úrbætur hafa verið gerðar.*

Félagið telur rétt að í þeim tilvikum sem rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið veittar verði hlutaðeigandi atvinnurekenda veittur frestur til úrbóta áður en kemur til álagningu dagsekta enda getur slíkt verið óviljaverk.

5. mgr. 11. gr.

*Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag.*

Félagið telur rétt að lágmark verði einnig tilgreint svo stofnunin festi sig ekki í of háum dagsektum.

1. mgr. 13. gr.

*Óháð því hvort ráðningarsambandi launamanns og atvinnurekanda er lokið og óháð því hvort um ásetning eða gáleysi hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekanda er Vinnumálastofnun heimilt að leggja stjórnvaldssekt á atvinnurekanda sem hefur að mati stofnunarinnar:*

*a. ítrekað ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar, sbr. 4. mgr. 9. gr., eða*

*b. hefur ekki veitt stofnuninni upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 10. gr. innan þess frests sem veittur hefur verið eða þær upplýsingar sem hann hefur veitt stofnuninni hafa verið rangar eða ófullnægjandi.*

Félagið leggur til að á eftir „rangar eða ófullnægjandi“ í b-lið komi: „og atvinnurekandi hafi ekki orðið við úrbótakröfu.“ Slíkt er til samræmis við meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins.

3. mgr. 13. gr.

*Við ákvörðun stjórnvaldssektar skal Vinnumálastofnun meðal annars líta til alvarleika brots, til þess hve lengi brotið hefur staðið yfir og hvort um ítrekað brot hafi verið að ræða, sem og til samstarfsvilja hins brotlega aðila.*

Félagið leggur til að fyrir aftan „alvarleika brots“ komi „ásetningsstigs“.

2. mgr. 17. gr.

*Auk þeirra sem tilgreindir eru í 1. mgr. skal ráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar, sem og einn fulltrúa tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af ríkislögreglustjóra, einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn tilnefndan af Samtökum atvinnulífsins, einn tilnefndan af Skattinum, einn tilnefndan af Útlendingastofnun, einn tilnefndan af Vinnumálastofnun og einn tilnefndan af Vinnueftirliti ríkisins. Þá skal ráðherra skipa einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Bandalagi háskólamanna og BSRB.*

Félagið óskar þess að ákvæðinu verði breytt þannig að þannig að Félag atvinnurekenda fái að tilnefna fulltrúa í nefndina.

Virðingarfyllst,  
f.h. FA



---

Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur

